
Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál



Upphaf framkvæmda við Dýrafjarðargöng

**Skýrsla til 2. Haustþings Fjórðungssambands
Vestfirðinga haldið í Reykjanesi 29-30
september 2017**

1. Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfjarða um samgöngu- og fjarskiptamál

„ Innan vébanda Fjórðungssambands Vestfirðinga starfar Fastanefnd um samgöngumál, en henni var komið á laggirnar árið 2004. Nefndin fundar reglulega og gætir hagsmuna Vestfirðinga í samgöngu- og fjarskiptamálum, stendur fyrir stefnumótun í málaflokknum, heldur málþing og þrýstir á ríkisvaldið með margvíslegum hætti. Nefndin hefur samvinnu við sveitarfélögin á Vestfirðum og ríkið eftir því sem mögulegt er. Skýrsla nefndarinnar er flutt árlega á Fjórðungsþingi Vestfirðinga og jafnan eru samþykktar þar ályktanir um samgöngumál sem beint er til stjórnvalda.“ (<http://fjordungssamband.is/samgongunefnd/>)

Kosið var í núverandi Samgöngunefnd á Fjórðungsþinginu 2014 og lokið að skipa í nefndarina á fundi stjórnar FV þann 23 október 2014. Allir aðal- og varamenn gáfu áfram kost á sér á Vorþingi Fjórðungssambandsins, 4 maí 2016. Nefndin er því enn skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Aðalfulltrúar:

Sigurður Hreinsson, formaður, Ísafjarðarbæ
Ingibjörg Benediksdóttir, Strandabyggð
Ásgeir Jónsson, Tálknafjarðarhreppi
Karl Kristjánsson, Reykhólahreppi
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ

Varafulltrúar:

Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað
Pétur Markan, Súðavíkurhreppi
Magnús Jónsson, Vesturbyggð
Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
Vilberg Þráinsson, Reykhólahreppi,

Starfsár nefndarinnar að þessu sinni er óvenju langt, þar sem skýrsla Samgöngunefndar var síðast lögð fyrir Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga, þann 4 maí 2016. Fundir nefndarinnar þetta langa tímabil voru óvenju fáir, aðeins tveir.

Megin ástæða fyrir þessu óvenju slöku fundunarhöldum, er að þingsályktunartillaga að Samgönguáætlun 2015-2018 var loksins lögð fram fáum vikum fyrir áður nefnt Fjórðungsþing 2016 og fundaði samgöngunefnd í tilefni fáum dögum fyrir Vorþingið, til að semja umsögn um þingsályktunartillögunu.

Fyrri fundurinn þetta starfsár var haldinn þann 16. júní 2017 og var hann haldinn í gegnum fjarfundarbúnað. Síðari fundurinn var haldinn þann 23. ágúst 2017. Sá fundur var haldinn í fundarsal Þróunarseturs Vestfjarða á Ísafirði og var með aðal- og varamönnum í Samgöngunefnd, ásamt stjórn FV og fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem ekki áttu á að skipa fulltrúum í áður nefndum hópum.

2. Fjárlagafrumvarp 2017

Þrátt fyrir þessa fáu fundi má vel segja að nefndarmenn hafi staðið vaktina af fullri athyggli, því rétt var byrjað að kynna fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2017, þegar póstsendingar hófust milli

nefndarmanna, formanns FV og framkvæmdastjóra. Um 13 klst seinna sama dag og frumvarpið var lagt fram á Alþingi þann 7. desember, náðu formaður og framkvæmdastjóri FV fundi með öllum þingmönnum kjördæmisins. Hér gefur að líta sameiginleg yfirlýsing þingmanna kjördæmisins og Fjórðungssambandsins, sem samin var út frá áðurnefndum fundi:

„Yfirlýsing um Dýrafjarðargöng.

Sameiginlegur fundur þingmanna Norðvestur kjördæmis og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í Reykjavík þann 7. desember 2017, er sammála um að hvergi verði hnikað né frestað fyrirhuguðu útboði á Dýrafjarðargöngum í janúar n.k..

Í raun liggja ekki fyrir ákvörðun um fjárveitingu til verkefnisins og því verði frumvarp til fjárlaga 2017 leiðrétt hið fyrsta. Við þá leiðréttingu verði tekið mið af forgangsröðun verkefna eins og ríkisfjármálaáætlun 2017-2021 og samgönguáætlun 2015-2018 segir til um. Krafa fundarins er að Dýrafjarðargöng verði fullfjármögnuð í fjárlögum 2017 og verkefnið haldi tímaáætlun með opnun ganganna 2020. Málamiðlanir eru ekki í boði við afgreiðslu þessa máls.

Greinargerð.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017, um fjármögnun Dýrafjarðarganga segir *Fjárfestingarsvigrúm til samgöngumála er aukið um 2.400 m.kr. Skiptist það þannig að framlög til vegaframkvæmda eru augin um 1.000 m.kr., 1.100 m.kr. er ráðstafað í byggingu nýs Herjólfss og 300 m.kr. varið til undirbúnings jarðgangagerðar við Dýrafjarðargöng*

Í þingsályktun innanríkisráðherra um samgönguáætlun 2015 – 2018, sem lögð var fyrir Alþingi (145 löggjafarþing, mál 638) í mars s.l., var tillaga um fjárveitingu að fjárhæð 1.500 m.kr til Dýrafjarðarganga á árinu 2017, eða sem hér segir;

Vestfjarðavegur – Dýrafjarðargöng. Lagt er til að framkvæmdir við jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar verði boðnar út síðla árs 2016, framkvæmdir hefjist eftir mitt ár 2017 og þeim ljúki árið 2020. Jarðgöngin munu stytta Vestfjarðaveg um 27 km.

Tillagan hafði áður verið afgreidd úr ríkisstjórn og þar með samkomulag í ríkisstjórn um fjárhagsramma samgönguáætlunar og verkefni innan hennar. Alþingi samþykkir framkvæmdina með samþykkt samgönguáætlunar, en gerir jafnframt tillögu um fleiri samgönguverkefni en þau eru í raun utan samþykks fjárhagsramma.

Alþingi samþykkir síðan í þingsályktun um ríkisfjármálaáætlun 2017-2021 (145. löggjafarþing, mál 740) varðandi fjárfestingarverkefni; *að hægt verður að ráðast í margvíslegar framkvæmdir sem sumar hafa verið í biðstöðu frá bankahruninu. Þar má nefna byggingaframkvæmdir við nýjan Landspítala, smíði nýrrar Vestamannaeyjaferju, framkvæmdir við Dýrafjarðargöng, byggingu þriggja nýrra hjúkrunarheimila, byggingu Húss íslenskra fræða og byggingu skrifstofuhúsnæðis bæði fyrir Alþingi og Stjórnarráðið.*

Hér liggur því fyrir skýr vilji ríkisstjórnar og Alþingis hvaða verkefni séu í forgangi þegar kemur að samgönguverkefnum en önnur ekki. Við undirbúning frumvarps til fjárlaga 2017 hefur því verið horft fram hjá þessari forgangsröðun og ekki sett nægjanlegt fjármagn til Dýrafjarðarganga. Ný samgönguverkefni sem Alþingi gerði tillögu um í samgönguáætlun 2015-2018, verða að fjármagnast með tillögum um hækkun tekna eða niðurskurði á öðrum verkefnum en ekki blanda þeim saman við þegar samþykkt verkefni.“

3. Almenningsamgöngur

Á fjarfundinum sem var haldinn 16. júní 2017, var aðalfundarefnið almenningsamgöngur. Rætt var um þátttöku Fjórðungssambandsins í hlutafélaginu NVB, sem jafnframt mun verða með

samninga við SSV og SSNV. Á stjórnafundi FV þann 24. janúar 2017. var samþykkt að FV legði hlutfé í félagið NVB, sem er stofnað til að halda utan um samninga landshlutasamtakanna þriggja við Vegagerðina um sérleyfi, sem og við verktaka.

Samningur landshlutasamtakanna við Vegagerðina var ræddur ítarlega, en hann rennur út 31. desember 2018, en samningurinn mun framlengjast um ár í senn, ef honum er ekki sagt upp með sex mánaða fyrirvara. Fyrirsjáanlegt er að þessi samningur er íþyngjandi fyrir landshlutasamtökin, þar sem fjármunir til verkefnisins eru mjög takmarkaðir og sætanýting á þeim leiðum sem falla undir verkefnið, hefur ekki verið viðunandi. Líklegt er að nefndin leggji til að samningurinn við Vegagerðina verði ekki framlengdur, en fylgst verður með stöðu mála hjá öðrum landshlutasamtökum, og hvort almennur áhugi er hjá þeim um framhald verkefnisins, áður en ákvörðun verður tekin um endurnýjun samningsins.

Annar liður á dagskrá fundarins var þróunarverkefnið; „Almenningssamgöngur á milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals“. Sótt var um sömu upphæð og á síðasta ári, 9,4 milljónir. Að þessu sinni fékkst styrkur upp á 7,0 milljónir í verkefnið, sem er heldur hærra en fékkst árið áður. Nefndin vísar því til framkvæmdastjóra, að starfsmenn FV myndu vinna málið áfram ásamt Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi.

4. Samgönguáætlun 2018-2029.

Samgöngunefnd Fjórðungssambands kom saman þann 23. ágúst 2017, og boðaði auk þess á fundinn, varamenn nefndarinnar, stjórn Fjórðungssambandsins sem og fulltrúa frá hverju því sveitarfélagi í fjórðunginum sem ekki eiga fulltrúa í nefndinni.

Fundarefnið var erindi Samgönguráðs frá 19. júní 2017, er fjallaði um endurskoðun stefnu í samgöngumálum, Samgönguáætlun 2018-2029. Var þar óskað eftir aðkomu landshlutasamtaka sveitarfélaga til að draga saman stefnu sveitarfélaga í málaflokknum á sínu svæði. Vinnuskjal var unnið af starfsmönnum FV, upp úr umræðum á fundinum og það sent til stjórnar til afgreiðslu.

Skjalið sem sent var á Samgönguráð, má lesa hér í heild sinni:

„Efni; Samgönguáætlun 2018-2029. Endurskoðun stefnu í samgöngumálum.

Vísað er hér til erindis Samgönguráðs frá 19. júní s.l. um endurskoðun stefnu í samgöngumálum. Þar er óskað aðkomu landshlutasamtaka sveitarfélaga að draga saman stefnu sveitarfélaga í málaflokknum á sínu svæði. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga tók til umfjöllunar endurskoðun stefnu í samgöngumálum á fundi sínum þann 23. ágúst s.l.. Lögð var til grundvallar niðurstaða vinnufundar samgöngunefndar FV sem haldinn var sama dag, en þar sátu fulltrúar allra sveitarfélaga á Vestfirðum. Niðurstaða stjórnar er hér með sett fram í eftirfarandi greinargerð.

Í vinnu samgöngunefndar var unnið með þau yfirmarkmið sem sett eru fram í Samgönguáætlun 2015-2026 sem kynnt var á Alþingi á síðasta hausti. En samkvæmt bréfi Samgönguráðs verður sú áætlun lögð til grundvallar nýrrar Samgönguáætlunar 2018-2029.

- 1. Fjármögnun samgöngukerfis.** Stjórn FV vil koma því á framfæri að hún telur að núverandi skattheimta af ökutækjum og eldsneyti eigi að duga fyrir þeim framkvæmdum sem þarf að fara í á komandi árum. Ástæða fyrir því að svo er ekki er að fjármundir hafa verið nýttir í aðra málaflokka sem er ekki forsvaranlegt. Stjórn FV telur þó að ef engin

önnur lausn telst vera möguleg til að auka fjármagn til samgöngumála að þá sé sú leið að innheimta veggjöld ásættanleg. Ítrekað er að mikilvægt er að samgöngumannvirki verði í opinberri eigu en ekki í eigu einkaaðila.

2. Mótun framtíðarsýnar í samgöngumálum á Vestfjörðum og forgangsörðun verkefna.

a) Verkefni sem tilgreind eru í Samgönguáætlun 2015-2026

Eftirfarandi stefnumörkun stjórnar er varðar framkvæmdir í samgöngum 2018-2022.

Bíldudalsvegur – Fjórðungssambandið bendir á að mikilvægt er að allur vegurinn frá Bíldudalsflugvelli upp á Dynjandisheiði verði endurnýjaður. Landssamgöngur eru eini samgöngukosturinn sem í boði á milli sveitarfélaga í landshlutanum og er uppbygging vegarins forsenda fyrir uppbyggingu fiskeldis, ferðaþjónustu, þjónustu á svæðinu og opna nýja möguleika fyrir hefðbundið atvinnulíf s.s. sjávarútveg og landbúnað. Mikil þörf er því á uppbyggingu vegar til að stytta vegalengd á milli norður og suðursvæðis ásamt styttingu inn á þjóðvegakerfið. Ný veglagning þar sem malarvegur er til staðar mun auka umferðaröryggi og vernda mannlíf. Óbundið slitlag, einbreiðar brýr og blindhæðir hverfa við þessa endurnýjun. Ljóst er að mun hagkvæmara er að keyra á bundnu slitlagi og stytting vegar minnkar eldsneytisnotkun og slit á ökutækjum sem koma í veg fyrir umhverfissóun.

Mikilvægt er að framkvæmd verði lokið jafnt og framkvæmdir á Dýrafjarðargöngum og að framkvæmdir verði boðnar út í einu lagi þó verkinu sé áfangaskipt.

Dynjandisheiði – Landssamgöngur eru eini samgöngukosturinn sem er í boði á milli sveitarfélaga í landshlutanum. Því er mikil þörf á uppbyggingu vegar til að koma til móts við þá uppbyggingu á fiskeldi á svæðinu og ferðaþjónustu en vegurinn er forsenda fyrir uppbyggingu þessa atvinnugreina. Framkvæmdin mun tengja norður og suðursvæði Vestfjarða og auðvelda þjónustu á milli og þannig efla mannlíf beggja svæða. Ný veglagning þar sem malarvegur er til staðar mun auka umferðaröryggi og vernda mannlíf. Óbundið slitlag, einbreiðar brýr og blindhæðir hverfa við þessa endurnýjun. Ljóst er að mun hagkvæmara er að keyra á bundnu slitlagi og stytting vegar minnkar eldsneytisnotkun og slit á ökutækjum sem koma í veg fyrir umhverfissóun.

Mikilvægt er að framkvæmd verði lokið jafnt og framkvæmd á Dýrafjarðargöngum og að framkvæmdir verði boðnar út í einu lagi þó verkinu sé áfangaskipt.

Gufudalssveit – Stjórn FV bendir á að mikilvægt er að framkvæmd á vegi um Gufudalssveit verði hafin í byrjun árs 2018 og að ríkið tryggi fjármögnun þeirra leiða sem settar voru fram í umhverfismati. Framkvæmdin mun stytta vegalengd inn á þjóðvegakerfið og efla atvinnusvæðið og atvinnuuppbyggingu. Landssamgöngur er eini samgöngukosturinn sem í boði er á milli sveitarfélaga í landshlutanum og því gríðarlega brýnt að ljúka því verki. Mun hagkvæmara er að keyra á bundnu slitlagi og stytting vegar minnkar eldsneytisnotkun, umhverfissóun, slit á ökutækjum ásamt því að umferðaröryggi mund aukast þar sem óbundið slitlag, blindhæðir og einbreiðar brýr munu hverfa við þessa endurnýjun.

Innstrandavegur – Stjórn FV bendir á að brýn þörf er á að haldið verði áfram uppbyggingu Innstrandavegar og gerð verði framtíðaráætlun til að ljúka uppbyggingu vegarins. Vegurinn auðveldar flutninga afurða á markað og auðveldar uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Landssamgöngur er eini samgöngukosturinn sem í boði á milli sveitarfélaga í landshlutanum og því gríðarlega brýnt og hagkvæmt að endurnýja þá vegi sem eru til staðar. Uppbygging vegarins er forsenda fyrir þróun landbúnaðar og uppbyggingu ferðaþjónustu og þjónustu á svæðinu. Um svæðið er ekið með skólabörn hvern virkan dag yfir skólaárið.

Mun hagkvæmara er að keyra á bundnu slitlagi og stytting vegar minnkar eldsneytisnotkun, umhverfissóun, slit á ökutækjum ásamt því að umferðaröryggi mund aukast þar sem óbundið slitlag, blindhæðir og einbreiðar brýr munu hverfa við þessa endurnýjun.

Veiðileysuháls – Stjórn FV bendir á að mikilvægt er að útboð verði gert á árinu 2018. Framkvæmdin er lykilþáttur fyrir áframhaldandi byggð í Árneshreppi, atvinnuuppbyggingu og þjónustusókn og rýfur vetrar einangrun íbúa.

Landssamgöngur er eini samgöngukosturinn sem í boði er á milli sveitarfélaga í landshlutanum og því gríðarlega brýnt að ljúka því verki. Mun hagkvæmara er að keyra á bundnu slitlagi og stytting vegar minnkar eldsneytisnotkun, umhverfissóun, slit á ökutækjum ásamt því að umferðaröryggi mund aukast þar sem óbundið slitlag, blindhæðir og einbreiðar brýr munu hverfa við þessa endurnýjun.

b) Jarðgöng á Vestfjörðum

Stjórn FV telur að neðangreind göng þurfi að setja inn á Samgönguáætlun 2018-2029 og hefja rannsóknir á aðstæðum til jarðgangagerðar, þannig leggja megi mat á mögulegar staðsetningar og framkvæmdakostnað. Er þessum jarðgangakostum hér raðað í flokka eftir forgangi auk skýringa og er flokkur I forgangsflokkur og komi inn á framkvæmdatímabil 2018-2021.

I flokkur

Álftafjarðargöng – Öruggar samgöngur og sameining sveitarfélaga.

Kollagötugöng (Dyjndisheiði) – Stjórn FV telur eðlilegt að gert sé ráð fyrir Kollagötugöngum við útfræslu vegagerðar um Dyjndisheiði en ekki sem sértækum jarðgangakosti

II flokkur

Hálfván – Aukið öryggi í samgöngum á milli Arnarfjarðar og Tálknafjarðar. Göng undir Hálfván er hér sett fram en skoða þarf nánar hvort aðrir jarðgangakostir séu í stöðunni.

Vestfjarðargöng – Breikkun gangna sem eru einbreið og fyrirséð aukning á umferð með heilsársumferð um Vestfjarðaveg 60, jafnt íbúa og atvinnulífs þ.m.t. ferðaþjónusta.

Klettsháls – Aukin umferð um Vestfjarðaveg 60

III flokkur

Árnesgöng (Árneshreppi) – Stytting leiða og öruggari samgöngur

Kleifaheiði – Aukið öryggi í samgöngum frá Patreksfirði og suður úr. Hér er Kleifaheiði sett fram en skoða þarf hvort aðrir jarðgangakostir séu í stöðunni.

Mikladal – Vegur um Mikladal milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar hefur slitnað mjög hratt samfara auknum þungaflutningum og víða komnar fram skemmdir í burðarlagi. Jarðgöng væru án efa framtíðarkostur og verður að skoðast í samhengi um ákvörðun um endurbætur á veginum. .

Ennisháls – Kannað verði hvort að þörf sé á göngum eða hvort að breyta eigi veglínu.

Hjallaháls – Stjórn FV tekur ekki afstöðu varðandi gangnagerð undir Hjallaháls þar sem ekki hefur verið tekin afstaða til veglínu um Gufudalssveit.

c) Áriðandi verkefni önnur en stórframkvæmdir.

Einbreiðar brýr á Vestfjörðum eru rúmlega 60 og eru þær of margar til að telja hér upp. Mjög mikilvægt er að þær verði aflagðar vegna umferðaröryggis á svæðinu og mæta auknum þungaflutningum. Þær sem taldar eru upp hér fyrir neðan, er mikilvægt að byrjað verið á sem allra fyrst.

Brú í botni Tálknafjarðar sem hluta af úrbótum á vegi um Mikladal.

Brú á Bjarnarfjarðará- í framhaldi af nýjum endurbyggðum vegi um Bjarnafjarðarháls.

Brú í Kollafirði á Vestfjarðavegi 60.

Brú Skálmarfirði á Vestfjarðavegi 60.

Brú í Vattarfirði á Vestfjarðavegi 60.

Brýr í Önundarfirði á Vestfjarðavegi 60.

Brú í Kollafirði sem hluti af úrbótum að Innstrandarvegi nr 68.

Einbreytt slitlag á stofnvegum. Krafa er gerð um að aukið verði við það fjármagn sem sett hefur verið á framkvæmdaáætlun 2018-2020 til að endurbyggja Djúpveg 61 í Hestfirði og Seyðisfirði en vegurinn er með einbreiðu slitlagi. Sama á við Djúpveg 61 í Álftafirði í mynni Hattardals en auk einbreiðs slitlags er þar einbreið brú.

Úrbætur vegna ofanflóðahættu á stofnvegum. Barðastrandarvegur nr. 62 um Raknadalshlíð í Patreksfirði. Núverandi vegstæði uppfyllir ekki kröfur um öryggi vegfarenda gagnvart ofanflóðahættu og umferð fer sífellt vaxandi með aukum umsvifum í samfélaginu. Krafa er sett fram að sett verði fram framkvæmdaáætlun og fjármagn til að vinna að úrbótum og þá sérstaklega skoðaður flutningur vegstæðisins.

Öryggismál önnur. Átak hefur verið í að setja upp vegrið á hættulegum vegaköflum. Gerð er krafa um að settur sé aukinn þungi í það verkefni.

d) Aðrar leiðir

Ferðamannaleiðir

1. Setja þarf aukna fjármuni í að viðhalda veginum út að Látrabjargi og Rauðasand.
2. Setja þarf aukna fjármuni í að viðhalda veginum norður í Árneshrepp.
3. Sett verði fjármagn til viðhalds á Ketildalaveg nr. 619.
4. Sett verði fjármagn til viðhalds á Snæfjallastrandaveg nr. 635.
5. Setja þarf aukna fjármuni í Nesstrandarveg, milli Drangsnæs og Bjarnafjarðar.

Vetrarþjónusta

Allir stofnvegir til þéttbýlisstaða á Vestfjörðum verði í efsta þjónustuflokki.

Vegurinn í Norðurfjörð í Árneshreppi verði hækkaður upp um þjónustustig í vetrarþjónustu.

Sett verði á vetrarþjónusta um vegina út á Látrabjarg og Rauðasand.

Siglingar

Fundin verði önnur lausn við afleysingu á Herjólfí en að taka Baldur í þjónustu við Vestmannaeyjar.

Fundin verði raunhæf afleysing þegar að Baldur fer í slipp á haustin.

Ferðir verði a.m.k. tvær á dag allt árið um kring.

Flug

Tryggð verði aukaferð með flugi á Bíldudal svo að a.m.k. einu sinni í viku verði flug tvisvar sinnum á dag.

Tryggt verði áframhaldandi fjármagn til rannsókna á nýju flugvallastæði fyrir norðanverða Vestfirði.

Gerðar verði nauðsynlegar úrbætur á flugstöðinni á Ísafirði svo hægt sé að sinna flugi til og frá Grænlandi.

Nýtt flugvallarstæði í Skutulsfirði.

Stækka þarf flugvöll á Bíldudal.

Kanna þarf hvort að hægt sé að gera miðlægan völlum fyrir suður og norðursvæði Vestfjarða og málefni Þingeyrarflugvallar skoðuð í því samhengi.

Ný skipan á þátttöku stjórnvalda um niðurgreiðslu flugfargjalda í innanlandsflugi þ.e. skoska leiðin.

Hafnir

Mjög brýnt er að fjármagn verði sett í þau verkefni sem sveitarfélögin hafa þegar lagt til við Vegagerðina. Mjög aukin umsvif eru í atvinnulífi s.s.fiskeldi og ferðaþjónustu auk þess sem komið er að brýnu viðhaldi.

Önnur samgöngumál

Að Vestfjarðahringurinn (vegir nr. 60, 61 og 62) fái sameiginlegt vegnúmer.

Að þjónusta sé í hæsta flokki í tengingu allra þéttbýlisstaða. Umræða fari fram um hvaða þjónustustig á að vera á öðrum vegum t.d. ferðamannleiðum.

Almenningssamgöngur

Stjórn FV lýsir stuðningi við metnaðarfull markmið um almenningssamgöngur í samgönguáætlun, en bendir jafnframt að þeim markmiðum verður ekki náð nema að stórauka fjármagn til málaflokksins. Núverandi fjármagn gefur ekki tilefni fyrir Fjórðungssambandið að framlengja samning við Vegagerðarinnar eftir árið 2018.“

5. Starfshópur um vegstæði á Dynjandisheiði

Árið 2009 var skipaður starfshópur Vegagerðarinnar sem fékk það hlutverk að vera ráðgefandi um val á vegstæðum um Dynjandisheiði. Í starfshópinn voru upphaflega skipaðir eftirtaldir einstaklingar; Gísli Eiríksson formaður, Eiður B. Thoroddsen og Eiríkur Bjarnason fyrir hönd Vegagerðarinnar og Sigurður Pétursson og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttur sem tilnefnd voru fyrir hönd Fjórðungssambandsins. Ásgeir Jónsson og Sigurður Hreinsson voru svo skipaðir nýjrir fulltrúar FV í hópinn, snemma á árinu 2016.

Starfshópurinn skilaði af sér greinargerð til Samgönguráðherra þann 20. júní 2017, þar sem í grófum dráttum var lögð til veglína sem lýsa má með þessum hætti:

Í stærstum atriðum var lagt til að vegurinn fari um svipaðar slóðir og sá gamli liggur nú um. Lega vegarins upp á heiðina um Pennudal og Svínadal kemur ekki til með að breytast mikið, nema halli verður minkaður og jafnaður að gildandi stöðlum. Vegurinn áfram uppað og um Helluskarð verður áfram svipaður en vestan við Helluskarð gerði starfshópurinn tillögu að Kollagötugöngum, 2km jarðgöng frá Norðdalsánni og niður í Vatnahvilt ofan við Geirþjórsfjörð. Með því er hægt að halda veginum í um 350m hæð á því svæði, í stað þess að fara upp í 500m hæð.

Lagt er til að vegurinn upp frá Vatnsfirði verði færður vestur fyrir Pennuá og þveri Vatnsfjörð við ósa Pennuár. Frá botni Borgarfjarðar liggji vegurinn fyrir Meðalnes, meðfram sjó og inn Dynjandisvog. Upp úr Svínadalnum var lagt til að vegurinn fari upp í Afréttisdal í sveig inn fyrir vatnið og upp úr dalnum þvert á núverandi stefnu. Aðrar tilfærslur eru minniháttar, en vegurinn mun verða mun beinni, liggja hærra í landinu og verða fljótfarnari en það fimmtuga mannvirki sem er þar núna. Auk þess að stytta um nokkra kílómetra.

Ekki var í verkahring starfshópsins að gera tillögu að vegstæði um Bíldudalsveg, þjóðveg nr. 63. sem tengist inn á veginn um Dynjandisheiði rétt vestan við Helluskarð.

Í júlí auglýsti Vegagerðin drög að matsáætlun vegna vegar um Dynjandisheiði, þar sem tillögur starfshópsins voru grunnurinn að þeim veglínunum sem matsáætlunin mun ná til. Í drögum Vegagerðarinnar að matsáætlun, er þó ekki gert ráð fyrir Kollagötugöngum.

6. Fjarskiptamál

„Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er alger forsenda þess að atvinnulíf og samfélag Vestfjarða nái að standa jafnfætis öðrum byggðarlögum í landinu.“ Þannig hljómar samþykkt frá 60. Fjórðungsþingi um uppbyggingu ljósleiðaranets og hringtenging ljósleiðarans á Vestfjörðum.

Þróunin í þessum málaflokki er jákvæð og töluvert hefur áunist.

Í desember 2016, var lokið við lokaáfangann í hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði, þegar klárað var að tengja ljósleiðarann um Ísafjarðardjúp. Fyrri hluti lokaáfangans fór fram sumarið 2015 þegar lagður var ljósleiðari og rafmagnsstrengur úr botni Hrútafjarðar norður Strandir til Hólmavíkur. Mikil óvissa var um seinni áfangann, þar sem einungis eitt tilboð barst í lagninguna, og var það langt yfir kostnaðaráætlun. Sá hluti var í Ísafjarðardjúpi en málið leystist þegar ákveðið var að Neyðarlínan kæmi að verkefninu. Auk hennar komu Fjarskiptasjóður, Orkubú Vestfjarða, Míla, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Öryggisfjarskipti, sem er í eigu ríkisins og Neyðarlínunnar, að verkefninu.

Sunnan Hólmavíkur er um það bil búið að leggja ljósleiðara í jörð en ekki er búið að klára tengingar. Strandabyggð er í samningaviðræðum við Mílu og stefnt er að því að ljúka verkinu um áramót. Plæging er í samvinnu við Orkubúið og gengur mjög vel.

Samhliða lagningu stofnlagnar um Djúp, fyrir hringtengingu, voru lagðar heimtaugar að öllum lögbýlum í Súðavíkurhreppi og er vinna í gangi við að klára tengingar á þá bæi. Áætluð er að tengivinnu ljúki á næsta ári.

Vinna við að leggja ljósleiðara að öllum lögbýlum í Reykhólahreppi hófst á vordögum 2017 og miðar vel. Plæging er langt komin á svæði 1, Reykjanes að Miðhúsum og stutt í að byrjað verði að tengja hús á því svæði. Á svæði 2, Miðhús - Gilsfjörður er búið að plægja stofnlögn stóran hluta leiðarinnar og verið að fara í að plægja á Barmahlíð rafmagn og ljósleiðara sameiginlega með Orkubúinu. Verkinu miðar ágætlega og vonandi tekst að tengja sem flest hús á þessu ári en verkinu mun sennilega ekki ljúka að fullu fyrr en næsta sumar.

Í Tálknafirði fór hreppurinn í átak á síðasta ári og lét leggja ljósleiðara í allar stofnanir sveitarfélagsins.

Kaldrananeshreppur er enn að leita leiða til að fá tengingu við ljósleiðara. Ekki liggur stofnstrengur inn á svæðið og þar við situr.

Um stöðu annara sveitarfélaga hefur nefndin ekki upplýsingar um. Nefndin vill benda forsvarsmönnum sveitarfélaga á að fjarskiptamál er eitt af áhersluverkefnum í Sóknaráætlun undir heitinu Vestfirðir ljóstengdir. Ráðgjöf og aðstoð stendur því til boða af starfsmönnum FV og Atvest. Jafnframt er mjög mikilvægt að sveitarfélög búi til áætlun um ljósleiðaratengingu í sínum sveitarfélögum og sendi inn umsókn í Fjarskiptasjóð í verkefnið Ísland altengt.

7. Teigsskógur – vegur um Gufudalssveit

Vonbrigði ársins er sú makalaus staða sem vegagerð í Gufudalssveit er ennþá í og virðist illa sjá fyrir endann á.

Á fundi nefndarinnar 16. júní sl, var málið rætt og í framhaldi af því beindi nefndin því til stjórnar FV að koma á fundi með stjórn FV, samgöngunefndar FV og sveitastjórn Reykhólahrepps vegna málsins.

Boðað var til slíks fundar í framhaldi af fundi stjórnar FV, sem haldinn var á Reykhólum 6. september 2017. Á fundinn var boðið sveitarstjórnarmönnum frá Reykhólahreppi, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð. Til fundarins mætti jafnframt Stefán Gunnar Thors skipulagsfræðingur hjá VSÓ, sem er ráðgjafi Reykhólahrepps vegna vegagerðar um Gufudalssveit og fór hann vel yfir þann hluta skipulagsmála sem snúa að sveitarfélaginu, undirbúning og mögulega útgáfutíma á framkvæmdaleyfi. Rætt hefur verið um að lagt verði fram lagafrumvarp á Alþingi, sem heimili veglagninguna þrátt fyrir ákvæði skipulagslaga, nr. 123/2010. Ekki náðist að leggja fram það frumvarp á haustþinginu, vegna Alþingiskosninga og óljóst er með framhald á því á nýju þingi.

8. Dýrafjarðargöng

Eins og rakið var í kafla 2, um fjárlagafrumvarpið 2017, sem lagt var fram í desember 2016, þurftu vestfirðingar heldur betur að láta drynja í sér til að tryggja fulla fjármögnun á Dýrafjarðargöngum. Sem tókst og dagurinn 14 september 2017, verður lengi í minnum hafður, því þann dag hófust formlega framkvæmdir við Dýrafjarðargöng. Hátíðarsprenging, samkoma með bjartsýnum íbúum sem horfa fram á gríðarlegar úrbætur á næstu árum. Loksins, eftir áratuga baráttu má fara að telja niður í að samgöngur milli norður- og suðursvæða Vestfjarða, verði eins og um sé að ræða sama landshlutann.

9. Bjarnarfjarðarháls

Framkvæmdir á Strandavegi 643, um Bjarnarfjarðarháls í Kaldrananeshreppi hafa nú staðið í nálægt tvö ár. Umræddur kafli er á milli vegamóta Strandavegar/Drangnesvegar syðri (645-01) í Steingrímsfirði og Svanshóls í Bjarnarfirði. Í verkinu felst að byggja nýjann veg, um 7,3 km langan ásamt því að byggja nýja tvíbreiða brú á Bjarnarfjarðará.

Framkvæmdum við veginn er nú að mestu lokið, en bygging brúarinnar yfir Bjarnarfjarðará frestaðist vegna þess að tilboð í verkið voru talsvert yfir kostnaðaráætlun. Búið er að bjóða út smíði brúarinnar og samkvæmt útboðsgögnum skal verkinu að fullu lokið eigi síðar en 1. júlí 2018.

10. Lokaorð

Fyrir hönd Samgöngunefndar FV vill undirritaður þakka fyrir samstarfið í málaflokknum undanfarið ár. Kröfur vestfirðinga miðast ekki við að fá forskot á aðra landshluta, heldur fyrst og fremst að standa jafnfætis öðrum landsmönnum þegar kemur að tengingu við umheiminn. Kröfurnar eru að ástand fjarskipta, raforku og samgangna, séu ásættanlegar !

Úrbætur á innviðum Vestfjarða, nútímaleg grunnþjónusta og aukinni samkeppnifærni Vestfjarða, eflir ekki bara Vestfirði, heldur allt Ísland.

Sigurður Hreinsson.